

Fjárhagsáætlun Vesturbyggðar 2020-2023 *Greinargerð bæjarstjórnar Vesturbyggðar*

Inngangur

Undirbúningur og vinna við fjárhagsáætlun 2020 fór fram með nokkuð breyttu sniði í samræmi við áherslur bæjarstjórnar Vesturbyggðar um nýja aðferðafræði við vinnslu áætlunarinnar, bæði með ábendingum frá íbúum sveitarfélagsins sem og aukinni aðkomu sviðsstjóra og forstöðumanna sveitarfélagsins við undirbúning áætlunarinnar. Undirbúningur áætlunarinnar hófst í maí 2019, en mestur þungi vinnunar fór fram nú í október og nóvember. Einn liður undirbúningsins voru umhverfisgöngur sem Vesturbyggð hélt í september og október, þar sem íbúum gafst tækifæri til að benda á það sem betur mætti fara í þorpunum á Patreksfirði og Bíldudal. Þá var einnig leitað til íbúa í gegnum vefinn betraisland.is og óskað eftir hugmyndum varðandi rekstur, hagræðingu, útgjöld, fjárfestingar og viðhald. Margar gagnlega ábendingar bárust Vesturbyggð og er fjallað um nokkrar þeirra í fjárhagsáætlun ársins 2020. Bæjarstjórn Vesturbyggðar vill þakka íbúum öllum kærlega fyrir ábendingarnar.

Með breyttum vinnubrögðum og betri undirbúningi við gerð áætlunarinnar er það von bæjarstjórnar Vesturbyggðar að hér sé komin fram áætlun sem sýni raunverulegan rekstur sveitarfélagsins á árinu 2020 og mælt sé fyrir um framkvæmdir sem raunhæft er að unnt verði að ráðast í á árinu 2020.

Fjárhagsáætlun sú sem hér er lögð fram gerir ráð fyrir miklum hagræðingaraðgerðum og niðurskurði í rekstri sveitarfélagsins, sérstaklega í A-hluta samstæðunnar. Þannig verði dregið verulega úr rekstrarkostnaði á árinu 2020 og nemur hagræðingin rúmlega 60 milljónum króna á milli ára. Ákvarðanir um niðurskurð eru teknar með það að markmiði að hagræðingin skerði ekki þjónustu við íbúa og nýta megi betur þann góða mannauð sem sveitarfélagið býr yfir. Aðgerðirnar eru margar og misumfangsmiklar en þær taka til allra málaflokka sveitarfélagsins. Hluti af hagræðingaraðgerðum er að fækka stöðugildum hjá sveitarfélaginu og var því ráðist í ákveðnar skipulagsbreytingar og uppsagnir hjá sveitarfélaginu í nóvember. Þannig gerir áætlunin ráð fyrir að heildartekjur A- hluta á árinu 2020 verði 1,3 milljarður króna en heildarútgjöld án fjármagnskostnaðar verði 1,26 milljarður króna.

Í samstæðunni í heild sinni er gert ráð fyrir að heildartekjur verði 1,7 milljarður króna en heildarútgjöld verði 1,5 milljarður króna fyrir fjármagnsliði sem áætlaðir eru 85 milljónir króna. Aukning í tekjum B-hluta má rekja til aukinna tekna í hafnasjóði Vesturbyggðar ásamt áætluðum söluhagnaði eigna á árinu 2020. Rekstrarniðurstaða bæjarsjóðs og stofnana er því áætluð að verða jákvæð um 126 milljónir króna á árinu 2020.

Almennar forsendur áætlunarinnar

Fjárhagsáætlun Vesturbyggðar fyrir árið 2020 er lögð fram og unnin í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Samkvæmt 3. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga skal bæjarráð Vesturbyggðar leggja fram tillögu að fjárhagsáætlun og var það gert á 885. fundi bæjarráðs 20. nóvember 2019. Fyrri umræða fjárhagsáætlunar fór fram 25. nóvember 2019 og seinni umræða 11. desember 2019, þar sem bæjarstjórn Vesturbyggðar afgreiddi fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 og næstu þrjú ár á eftir, árin 2021, 2022 og 2023.

Fjárhagsáætlun Vesturbyggðar er bindandi fyrir allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu Vesturbyggðar skv. 63. gr. sveitarstjórnarlaga. Aðeins má víkja frá fjárhagsáætlun Vesturbyggðar með því að samþykkja viðauka við fjárhagsáætlunina. Það á við um ákvarðanir, samninga og aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa áhrif á tekjur, útgjöld eða tilfærslu milli liða í fjárhagsáætlun.

Samkvæmt 2. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga skal fjárhagsáætlun Vesturbyggðar gefa glögga mynd af rekstri sveitarfélagsins, efnahag og breytingum á handbæru fé. Einnig skal þar koma fram greinagott yfirlit um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjárheimildir sveitarfélagsins. Við gerð fjárhagsáætlana skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitasjóðs og stofnana sveitarfélagsins við upphaf áætlunartímabilsins. Eftirfarandi er greinargerð með fjárhagsáætlun Vesturbyggðar fyrir árið 2020, lýsing á helstu breytingum á milli ára, áherslum og stefnu bæjarstjórnar Vesturbyggðar, við rekstur sveitarfélagsins árin 2020-2023.

00 Skatttekjur

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að heildarskatttekjur, þ.e. útsvar, tekjur vegna fasteigna og lóða, ásamt framlagi frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði rúmlega 1,3 milljarður króna. Þá er gert ráð fyrir að tekjur A-hluta verði 1,3 milljarðar króna á móti 1,2 milljarði króna á árinu 2019.

Útsvar

Samkvæmt 1. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, er útsvar einn af mikilvægustu tekjustofnum Vesturbyggðar. Samkvæmt 19. gr. laganna skulu þeir sem skattskyldir eru skv. lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 greiða útsvar af tekjum sínum til Vesturbyggðar og fellur það óskipt til sveitarfélagsins. Útsvarið er greitt til þess sveitarfélags þar sem viðkomandi einstaklingur átti lögheimili á árinu og er því mikilvægt að þeir sem búa og starfa í Vesturbyggð séu með skráð lögheimili sitt í sveitarfélaginu. Við áætlun útsvarstekna fyrir árið 2020 er tekið mið af áætlunum hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga sem gefur út staðgreiðsluáætlun sveitarfélaga.

Fjárhagsáætlunin 2020 gerir ráð fyrir að útsvarstekjur verði 605 milljónir króna borið saman við 588 milljónir króna í áætlun ársins 2019. Útsvarsprósentan í Vesturbyggð er óbreytt frá fyrra ári og verður áfram 14,52%, sem er leyfilegt hámarksútvárs. Íbúar í Vesturbyggð voru 998 þann 1. janúar 2019 en voru 20. nóvember 2019 samtals 1.011 talsins, en nokkrar sveiflur hafa verið í íbúafjölda í sveitarfélaginu árið 2019. Fjárhagsáætlun 2020 gerir ráð fyrir 2% fjölgun íbúa í Vesturbyggð.

Jöfnunarsjóður

Samkvæmt ákvæðum laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 er jöfnunarsjóður einn þriggja meginstofna sveitarfélaga og er mikilvægur þáttur í fjármögnun sveitarfélaga en hlutverk sjóðsins er að jafna mismunandi útgjaldaþörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum. Framlög sjóðsins skiptast í sérstök framlög, tekjujöfnunarframlag, útgjaldajöfnunarframlag, jöfnunarframlag vegna reksturs grunnskóla og jöfnunarframlags vegna þjónustu við fatlað fólk. Tekjujöfnunarframlagi er ætlað að jafna tekjur sveitarfélaga vegna m.a. fasteignagjalda. Útgjaldajöfnunarframlagi er ætlað að mæta mismunandi útgjöldum sveitarfélaga á grundvelli stærðarhagkvæmni og tekna þeirra, að teknu tilliti til þeirra þátta sem hafa áhrif á útgjöld, svo sem íbúafjölda, fjarlægða innan sveitarfélaga, skólaaksturs úr dreifbýli og fleiri þættir sem breytilegir geta verið milli sveitarfélaga.

Fjárhagsáætlun 2020 byggir á áætlun frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að framlög sjóðsins verði 376 milljónir króna. Helstu skýringar fyrir lækkun tekna er að áætlun um fjölgun íbúa

skv. fjárhagsáætlun 2019 sem gerði ráð fyrir er að íbúum fjölgaði í 1.024 íbúa gekk ekki eftir og þá hafa framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga lækkað milli ára, m.a. jöfnunarframlag vegna reksturs grunnskóla þar sem börnum á grunnskólaaldri í Vesturbyggð fækkaði á árinu 2019.

Fasteignagjöld

Álagningastuðull fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði er óbreyttur frá árinu 2019 og verður álagningastuðullinn 0,47% af fasteignamati en bæjarstjórn Vesturbyggðar lækkaði álagningarstuðulinn síðast á árinu 2019. Fasteignaskattur er áætlaður 70 milljónir króna en var skv. fjárhagsáætlun 2019 samtals 64 milljónir króna. Hækkun á fasteignaskatti milli ára skýrist m.a. af hækkun fasteignamats í Vesturbyggð sem hækkar nú milli ára um 11%. Áfram eru veittir afslættir af fasteignaskatti til eldri borgara og öryrkja samkvæmt ákveðnu tekjuviðmiði sem hækkar um 5,5 % á milli ára. Aðrir stuðlar fjasteignagjalda eru óbreyttir að undanskyldu vatnsgjaldi af íbúðarhúsum sem lækkar úr 0,45% af fasteignamati íbúðarhúsa og lóða í 0,40% á árinu 2020. Heildarhækkun fasteignagjalda í Vesturbyggð fyrir einstaklinga milli ára nemur því samtals 1,2%.

Gjaldskrár

Almenn hækkun á gjaldskrá Vesturbyggðar er 2,5% og tekur mið af yfirlýsingu Sambands íslenskra sveitarfélaga í tengslum við lífskjarasamninga 2019-2022, þar sem mælt er fyrir um að gjaldskrár hækki ekki umfram 2,5% milli ára. Nokkrar undantekningar eru frá almennum verðlagshækkunum, þar sem einstakir liðir hækka minna en 2,5% og einstakir liðir taka engum breytingum milli ára. Þannig gerir fjárhagsáætlun 2020 ráð fyrir að verð fyrir skólamáltíðir í grunnskólum og leikskólum Vesturbyggðar sem og hressing í lengdri viðveru haldist óbreytt á milli ára. Þá verður óbreytt gjald fyrir aðgang að bókasöfnum í Vesturbyggð á milli ára.

Skipting málaflokka eftir sviðum

Nýtt skipurit fyrir Vesturbyggð var staðfest af hálfu bæjarstjórnar Vesturbyggðar á 333. fundi sínum þann 24. apríl 2019 og tók gildi 1. maí 2019. Samkvæmt skipuritinu er starfsemi Vesturbyggðar flokkuð í fjármála- og stjórnsýslusvið, fjölskyldusvið, umhverfis -og framkvæmdasvið, hafnarstjóra, byggingafulltrúa/skipulagsfulltrúa og slökkviliðsstjóra. Gagnvirkt skipurit var birt á heimasíðu Vesturbyggðar sem auðveldar íbúum að átta sig á hver ber ábyrgð á hvaða verkefnum sveitarfélagsins hverju sinni.

Skipting málaflokka skv. fjárhagsáætlun eftir sviðum er eftirfarandi:

- Fjármála- og stjórnsýslusvið: 05 Menningarmál önnur en bókasöfn, 13 Atvinnumál og 21 Sameiginlegur kostnaður.
- Fjölskyldusvið: 02 Félagsþjónusta, 04 Fræðslu- og uppeldismál, 05 Menningarmál önnur en söfn og hátíðarhöld og 06 Æskulýðs- og íþróttamál.
- Umhverfis- og framkvæmdasvið: 03 Heilbrigðismál, 08 Hreinlætismál, 10 Umferðar- og samgöngumál, 11 Umhverfismál, 17 Félagsheimili, 57 Fasteignir Vesturbyggðar ehf., 31 Eignarsjóður, 33 Þjónustumiðstöð, 43 Vatnsveita, 49 Fráveita og 69 Aðrar íbúðir.
- Starfssvið hafnarstjóra: 41 Hafnarsjóður.
- Starfssvið byggingafulltrúa/skipulagsfulltrúa: 09 Skipulags- og byggingarmál.
- Starfssvið slökkviliðsstjóra: 07 Brunamál og almannavarnir.

Útgjaldaliðir

02 Félagsþjónusta

Útgjöld til félagsþjónustu að frádregnum tekjum eru áætluð 54 milljónir króna á næsta ári miðað við 60 milljónir króna árið 2019.

Félagsstarf aldraðra heldur áfram á árinu 2020 á Patreksfirði og Barðaströnd en nokkrar breytingar verða í félagsstarfi aldraðra á Bíldudal, þar sem starfsemi í Læk hefur ekki verið nýtt sem skyldi. Verður félagsstarf aldraðra á Bíldudal því elft með breyttum áherslum á árinu 2020. Þá verður áfram unnið að því að auka aðgengi aldraðra að hvers konar hreyfingu innan sveitarfélagsins og er það einn liður í því að Vesturbyggð verði heilsueflandi sveitarfélag, en undirbúningur þess hófst á árinu 2019 og mun halda áfram á nýju ári.

04 Fræðslu- og uppeldismál

Útgjöld til fræðslu- og uppeldismála hafa aukist mikið síðustu ár en útgjöld eru áætluð 554 milljónir króna á næsta ári, miðað við 519 milljónir í ár. Þá gerir áætlunin ráð fyrir að útgjöld til fræðslu og uppeldismála aukist nokkuð á milli ára en þau hafa verið að aukast jafnt og þétt í samræmi við jákvæða íbúaupróun, þar sem ungu fólki er að fjölga sem og börnum. Áætlunin gerir því ráð fyrir sérstöku framlagi í úttekt og greiningu á rekstri og skipulagi grunn- og leikskóla í Vesturbyggð og mun sú vinna hefjast strax á nýju ári. Áfram verður boðið upp á talþjálfun og sálfræðiþjónustu í skólum Vesturbyggðar.

Á árinu 2019 var óskað eftir því að sveitarfélagið skoðaði hvort unnt væri að koma á fót leikskóladeild eða leikskólaseli í Birkimel á Barðaströnd, en þar hefur ekkert skólastarf farið fram um árbil. Sveitarfélagið mat stöðuna svo á árinu 2019 að ekki væri unnt að halda uppi faglegu starfi miðað við þann nemendafjölda sem nýta myndi þjónustuna og ekki lá fyrir frekari fjölgun barna á Barðaströnd. Sveitarfélagið auglýsti því eftir dagforeldrum sem gætu veitt yngstu börnunum þjónustu á Barðaströnd. Því miður sótti enginn um starfið. Áfram hefur foreldrum þó boðist að nýta akstur skólabifreiðar grunnskólabarna á Patreksfjörð og börn á leikskólaaldri frá Barðaströnd sótt nám í leikskólanum Arakletti.

Skólastarf á Bíldudal fer fram á nokkrum stöðum í þorpínu. Í fjárhagsáætlun 2020-2023 er gert ráð fyrir að ráðist verði í úttekt á framtíðarmöguleikum húsnæðis fyrir skólastarf, bókasafn, félagsstarf aldraða og aðra þjónustu sveitarfélagsins á Bíldudal.

Í fjárhagsáætlun 2020 er gert ráð fyrir að rými að Strandgötu 7 á Bíldudal, þar sem fræðslustjóri hefur haft viðveru verði breytt þannig að aðstaðan verði nýtt til að byrja með fyrir þjónustu bókasafns og þar verði starfsstöðvar þar sem starfsmenn sveitarfélagsins geti sinnt störfum sínum, fundað með íbúum sem og að þangað geti íbúar sótt þjónustu í auknara mæli en verið hefur. Með breytingunni er þjónusta Vesturbyggðar færð nær íbúum á Bíldudal og einnig er aukinn hreyfanleiki starfsfólks sveitarfélagsins á milli byggðakjarna, í samræmi við markmið opinberra aðila um störf án staðsetningar. Gert er ráð fyrir að bæjarstjóri, slökkviliðsstjóri, sviðsstjórar, hafnarstjóri og byggingafulltrúi og aðrir starfsmenn sveitarfélagsins geti sinnt þar störfum sínum. Gert er ráð fyrir að 3-4 starfsstöðvar verði þar, ef frekara

rými fæst leigt hjá eigendum hússins. Í dag eru nú tvær starfstöðvar í rýminu sem nýttar hafa verið af fræðslustjóra og bæjarstjóra sem hefur haft viðveru á Bíldudal einu sinni í viku.

Grunnskólar í Vesturbyggð

Framlög til grunnskóla Vesturbyggðar verða 314 milljónir króna í stað 306 milljón króna á þessu ári.

Tónlistaskóli Vesturbyggðar

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að framlög til tónlistarskólans í Vesturbyggð verði 22,5 milljónir króna á árinu 2020 og lækkar framlagið milli ára, en í áætlun 2019 var gert ráð fyrir 26 milljónum króna. Gjöld vegna tónlistarnáms hækka um 2,5% en gjöld vegna tónlistarnáms í Vesturbyggð eru mun lægri en hjá öðrum sveitarfélögum.

Leikskólar Vesturbyggðar

Framlög til leiksskóla verða 136 milljónir króna en voru áætluð 135 milljónir króna í fjárhagsáætlun 2019. Á árinu 2019 var elsti árgangur barna á Arakletti flutt undir leikskóladeild í Patreksskóla. Ráðinn var deildarstjóri yfir deildinni og ráðist var í miklar framkvæmdir innandyra og utandyra við Patreksskóla sumarið 2019. Mikil ánægja hefur verið með fyrirkomulagið meðal foreldra og nemenda og tók lóðin við Patreksskóla miklum stakkaskiptum. Áfram er aukning á leikskólanum Arakletti og eru börnin 42 talsins nú í vetur. Áfram verður við það miðað að börn komist inn á leikskóla í Vesturbyggð við 14 mánaða aldur. Leikskólajöld hækka um 2,5% í samræmi við aðrar gjaldskrárhækkanir hjá sveitarfélaginu en gjald vegna máltíða og hressingar haldast óbreytt milli ára.

05 Menningarmál

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að heildarútgjöld vegna menningarmála verði 50 milljónir króna á árinu 2020. Framlög til bókasafna á Patreksfirði og Bíldudal verða 10,5 milljónir króna. Ráðist verður í breytingar á starfsemi bókasafnsins á Bíldudal, og mun það flytjast í annað húsnæði á árinu 2020. Þá verða bókasöfnin rekin undir einum forstöðumanni sem sér um bókasafnsþjónustu á Bíldudal, Barðaströnd og Patreksfirði. Breytingunum er ætlað að auka aðgengi íbúa að þeim bókakosti sem sveitarfélagið býr yfir og aðlaga starfsemi bókasafnanna að nútímanum.

Skjaldborgarbió er mikilvægur þáttur í menningarlífi sveitarfélagsins og er ástæða til að þakka Lionsmönnum á Patreksfirði fyrir þá miklu og góðu vinnu sem þeir hafa lagt til starfsemi bíósins á árinu. Í fjárhagsáætlun 2020 er gert ráð fyrir að ráðist verði í nokkrar endurbætur utandyra.

Fjárhagsáætlun 2020 gerir ráð fyrir að takist að selja eignir í eigu sveitarfélagsins þá muni framlagi verða varið til framkvæmda við Vatneyrabúð. Lokið verði nauðsynlegu viðhaldi á húsinu utandyra. Þá verður lögð áhersla á það á árinu að ljúka framkvæmdum innandyra og koma aftur upp innréttingum hússins sem hafa verið í geymslu um árabil. Þá verður munum sem tilheyra húsinu komið upp í áföngum. Húsinu hefur verið fundið hlutverk en ásamt því að þar verði gerð skil á safnamunum hússins, verður þar komið upp samfélagsmiðstöð. Þá hafi íbúar og aðrir aðgang að húsnæðinu og munum þess í sambland við að þar geti stofnanir og fyrirtæki fengið leigða vinnuádstöðu sem og þar verði til leigu og afnota aðstaða fyrir nemendur í rannsóknarverkefnum eða nemendur í fjarnámi á háskólastigi. Með þessu framlagi til hússins er það von bæjarstjórnar Vesturbyggðar að loksins takist að koma lífi í þetta sögufræga húsnæði og þessi fjárfesting skili sé vel til baka til samfélagsins á næstu árum.

Áfram er veitt framlag til Minjasafns Egils Ólafssonar á Hnjóti og þá verður veitt sérstakt framlag til viðhalds á eignum í eigu safnsins en veruleg uppsöfnuð viðhaldsþörf er á byggingum safnsins.

Á árinu 2019 tók menningar- og ferðamálafulltrúi til starfa í 30% starfi og hefur unnið að ýmsum menningar- og ferðamálum. Menningar- og ferðamálafulltrúi hefur svo sem komið að undirbúningi og aðstoð fyrir Kvíkmyndahátíðina Skjaldborg, Sjómannadaginn á Patreksfirði, Bíldudals grænar, Patreksdaginn og fleira. Á árinu 2020 mun Vesturbyggð vinna að stefnumótun í ferðaþjónustu fyrir Vesturbyggð og verður það verkefni unnið í samstarfi við Vestfjarðastofu.

Á árinu 2020 verður einnig breytt fyrirkomulag við styrkveitingar til menningar- og ferðamála í Vesturbyggð, þar sem menningar- og ferðamálaráð mun auglýsa eftir umsóknum um styrki á heimasíðu Vesturbyggðar fjórum sinnum á ári. Tilgangur styrkjanna er að efla menningar- og ferðamál innan Vesturbyggðar og einnig ná betur utan um þá styrki sem sveitarfélagið er að veita til þessa málaflokks á ári hverju. Á árinu 2020 verður menningar- og ferðamálaráði veitt 2 milljónir króna til úthlutunar skv. úthlutunarreglum ráðsins.

Vesturbyggð rekur þrjú félagsheimili, félagsheimili Patreksfirði, Baldurshaga og Birkimel. Fjárhagsáætlun 2020 gerir ráð fyrir áframhaldandi viðhaldsverkefnum á árinu 2020. Rekstrarkostnaður þessara mikilvægu bygginga er mjög hár enda um að ræða stórar byggingingar sem komnar eru til ára sinna. Tekjur hafa því miður ekki náð að standa undir rekstri þeirra síðustu ár. Félagshheimilin gegna mikilvægu hlutverki í menningarstarfi og félagsstarfsemi innan sveitarfélagsins. Það er því mikilvægt að unnt sé að reka félagsheimilin með þeim hætti að tekjur af þeim standi undir rekstrarkostnaði þeirra. Nokkrar breytingar eru á gjaldskrá félagsheimilanna, þar sem brugðist hefur verið við ábendingum íbúa, en gjaldskrá félagsheimilanna taka annars breytingum í samræmi við almennar gjaldskrárhækkanir.

Fjárhagsáætlun 2020 gerir ráð fyrir að Vesturbyggð hætti rekstri salerna á Brunnnum og í Selárdal á árinu 2020 en ákvörðunin er liður í miklum hagræðingaraðgerðum Vesturbyggðar í rekstri sveitarfélagsins. Með ákvörðuninni má búast við að um 3,5-5 milljóna króna sparist árlega í rekstri sveitarfélagsins. Vesturbyggð hyggst auglýsa salernin til leigu og bindur bæjarstjórn Vesturbyggðar vonir við að landeigendur, rekstaraðilar og/eða ferðaþjónar í Vesturbyggð sjái hag í að taka við rekstri salerna fyrir ferðamenn og aðra gesti sem sækja svæðið heim á ári hverju.

06 Æskulýðs- og íþróttamál

Framlög til æskulýðs- og íþróttamála er annar stærsti málaflokkur sveitarfélagsins en heildarútgjöld málaflokksins fyrir árið 2020 munu nema 137 milljónum króna. Undir málaflokkinn fellur rekstur íþróttamiðstöðva, sundlauga, félagsmiðstöðva, vinnuskóli og stuðningur við íþróttafélög í Vesturbyggð.

Almenn hækkun á gjaldskrá íþróttamiðstöðva er 2,5% en gjald fyrir stakan tíma í Bröttuhlíð á Patreksfirði helst óbreytt milli ára og verður áfram 1.000 krónur. Íbúar eru hvattir til að nýta sé þann kost að kaupa tímakort eða árskort sem í boði eru á hagstæðu verði.

Unnið hefur verið að því að endurbæta aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar Dímon á Bíldudal, en hún er staðsett í Baldurshaga. Gert er að fyrir að endurbættum á aðstöðunni muni ljúka á næsta ári.

07 Brunamál og almannavarnir

Síðustu ár hefur orðið mikil endurnýjun á tækjabúnaði hjá slökkviliði Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps. Vonir standa til að nýr slökkviliðsbíll muni koma til Patreksfjarðar snemma á árinu 2020 en nokkrar tafir hafa orðið á afhendingu hans. Ekki tókst að ljúka gerð brunavarnaráætlunar á árinu 2019 en stefnt er að því að unnt verði að ljúka henni á árinu 2020. Heildarútgjöld til brunamála og almannavarna munu nema 26 milljónum króna á árinu 2020 og lækka lítillega á milli ára.

Almannavarnarnefnd var skipuð á árinu 2019 og hefur hún þegar fundað. Framkvæmdir við ofanflóðavarnir við Urðir, Mýrar og Hóla munu hefjast vorið 2020 og mun Suðurverk sjá um framkvæmd verksins fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins og Vesturbyggðar. Áætlaður kostnaður Vesturbyggðar við framkvæmdina eru 45 milljónir króna.

Á árinu 2019 var unnið að því að koma upp brunavarnarkerfum í helstu byggingum á vegum sveitarfélagsins svo sem félagsheimilum og skólabyggingum og er það liður í því að bæta öryggismál í sveitarfélaginu. Ekki tókst að ljúka öllum þeim framkvæmdum á árinu 2019 en gert ráð fyrir að þeim verði lokið á árinu 2020.

08 Hreinlætismál

Heildarútgjöld vegna hreinlætismála verða 22 milljónir króna en tekjur eru áætlaðar 21,5 milljón króna á árinu 2020. Undir málaflokkinn fellur m.a. sorphreinsun og rekstur gámostöðva auk kostnaðar sem fellur til við sorpeyðingu og urðun á sorpi. Magn sorps í Vesturbyggð hefur aukist gríðarlega á undanförunum árum. Aukin áhersla er á endurvinnslu og hafa stofnanir og íbúar staðið sig vel í að auka flokkun. Margar stofnanir sveitarfélagsins eru hluti af Grænum skrefum og hafa nokkrar stofnanir þegar fengið fyrsta skrefið viðurkennt. Á árinu 2020 verður sorphirða og rekstur gámostöðva boðinn út en Tækniþjónusta Vestfjarða vinnur nú að greiningu fyrir Vesturbyggð og Tálknafjarðahrepp. Gert er ráð fyrir að verkið verði boðið út vorið 2020 en samninur Vesturbyggðar við Terra mun renna út í ágúst 2020.

Undir hreinlætismál fellur einnig dýraeftirlit en á árinu 2020 tók umhverfis- og framkvæmdasvið við þeim verkefnum.

09 Skipulags- og byggingamál

Vinna við endurskoðun aðalskipulags í Vesturbyggð hefur staðið yfir á árinu 2019. Vinna við endurskoðað aðalskipulag hefur tafist nokkuð og ekki er gert ráð fyrir að því ljúki fyrr en á árinu 2020.

Áfram er gert ráð fyrir að þjónusta skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins verði keypt í verktöku og áfram verði byggingafulltrúi í 50% starfi hjá Vesturbyggð. Heildarkostnaður vegna skipulags- og byggingamála er áætlaður 40 milljónir króna á árinu 2020 en heildartekjur eru áætlaðar 16 milljónir króna.

10 Umferðar- og samgöngumál

Heildarkostnaður við málaflökkin er áætlaður 52 milljónir króna á árinu 2020 og verður ráðist í frekari endurbætur á gangstéttum og umferðamerkingum.

11 Umhverfismál

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að heildarkostnaður vegna umhverfismála verði 33 milljónir króna á næsta ári. Mikil áhersla hefur verið lögð á umhverfismál og fegrun umhverfis sveitarfélagsins á síðustu árum. Verktaki hefur séð um hirðingu og slátt opinna svæða. Íbúum í Vesturbyggð var boðið í umhverfisgöngur í september og október þar sem gengið var um þorpin á Bíldudal og Patreksfirði og íbúar fengu þá tækifæri til að benda á það sem betur mætti fara í umhverfi þorpanna. Var mæting í göngurnar góð og þar fór fram gagnlegt samtal milli kjörinna fulltrúa og íbúa í Vesturbyggð. Í fjárhagsáætlun 2020 er gert ráð fyrir framlögum til að bregðast við mörgum þeim ábendingum sem upp komu í umhverfisgöngunum og gert er ráð fyrir að ráðist verði í á árinu 2020. Íbúar eru svo áfram hvattir til að huga vel að umhverfi sínu, görðum og húsum sem og að senda sveitarfélaginu ábendingar um það sem betur má fara.

Á árinu 2019 var hafin vinna við endurskoðun fyrirkomulags vegna grenjavinnslu og minkaeyðingar í sveitarfélaginu. Þá var einnig unnið að því að stofna fjallskilasjóð fyrir Vesturbyggð og Tálknafjarðahrepp til að standa straum af kostnaði við að sækja fé í eftirleitum. Þá verður boðað til fundar með sauðfjáreigendum um framkvæmd fjallskila og hvað betur megi fara í þeim eignum í upphafi árs 2020.

13 Atvinnumál

Fjárhagsáætlun 2020 gerir ráð fyrir að áfram verði greidd framlög til Markaðsstofu Vestfjarða í gegnum framlag sveitarfélagsins til Vestfjarðastofu. Á árinu 2020 verða áfram tveir starfsmenn Vestfjarðastofu með aðsetur á Patreksfirði og er það ákaflega mikilvægur þáttur í aukinni og góðri samvinnu milli suður- og norðursvæðis Vestfjarða. Vestfjarðastofa flutti úr Skor í október 2019 og er nú með aðsetur að Aðalstræti 5 á Patreksfirði. Í maí 2019 gaf Vesturbyggð út Innviðagreiningu fyrir sveitarfélagið sem unnin var af Eflu verkfræðistofu. Niðurstöður skýrslunnar voru kynntar þingmönnum í lok maí og einnig voru tveir kynningarfundir haldnir fyrir íbúa á Patreksfirði og Bíldudal. Innviðagreiningin hefur komið sér vel í samtölum sveitarfélagsins við ríkið m.a. vegna uppbyggingar í samgöngum og hafnarmannvirkjum innan sveitarfélagsins.

20 Framlög til eigin fyrirtækja

Fjárhagsáætlun 2020 gerir ekki ráð fyrir 10 milljón króna framlagi til Fasteigna Vesturbyggðar eins og verið hefur síðustu ár. Fyrri part ársins verður unnið að því að selja eignir í eigu félagsins, má þar nefna Bjarkargötu 8 og Sigtún 29 – 35.

Þá er gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlun 2020 að Stekkar 13 á Patreksfirði og Sæbakki 4 á Bíldudal verði seldar á árinu 2020.

21 Sameiginlegur kostnaður

Sameiginlegur kostnaður lækkar skv. fjárhagsáætlun 2020 og verður 126 milljónir króna í stað 150 milljón króna samkvæmt fjárhagsáætlun 2019. Það dregur verulega úr kostnaði m.a. vegna fækkunar

stöðugilda í ráðhúsi Vesturbyggðar og lokið hefur verið við flestar framkvæmdir í Aðalstræti 75. Þann 6. desember 2018 var íbúum Vesturbyggðar boðið til opunarhátíðar og mættu margir íbúar sveitarfélagsins að skoða ráðhúsið.

Heimasíða Vesturbyggðar gegnir mikilvægu hlutverki fyrir sveitarfélagið til að koma á framfæri fljótt og örugglega upplýsingum til íbúa sveitarfélagsins. Heimasíðan hefur fengið mikla verðskuldaða athygli og hlaut í febrúar 2019 Íslensku vefverðlaunin sem opinber vefur ársins og svo aðalverðlaunin sem vefur ársins 2018. Þá hlaut hönnunarstofan Kolofon verðlaun Félags íslenskra teiknara fyrir hönnun heimasíðu Vesturbyggðar 27. mars 2019 m.a. fyrir nýtt útlit Vesturbyggðar, endurgerð byggðamerkis og teikningar. Á árinu 2019 hefur verið unnið í því að þýða efni heimasíðunnar á pólsku og stefnt er að því að opna enska og pólska útgáfu heimasíðunnar á árinu 2020.

Á árinu 2019 hefur einnig verið unnið í því að ná utan um skjöl í vörslu sveitarfélagsins þar sem skjöl hafa verið flokkuð til afhendingar til Þjóðskjalasafns Íslands. Þá fékk Vesturbyggð staðfestan málalykil fyrir flokkun skjala og mála frá Þjóðskjalasafni Íslands þann 1. mars 2019. Þá var einnig hafin vinna við jafnlaunavottun og áframhaldandi vinnu við innleiðingu persónuverndar-löggjafarinnar og munu þau verkefni vinnast áfram á árinu 2020.

31 Eignasjóður

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að afkoma eignasjóðs verði jákvæð um 52 milljónir króna. Dreigið verður úr viðhaldi eigna á árinu 2020 vegna hagræðingar í rekstri og þá er gert ráð fyrir sölu Aðalstrætis 63, Aðalstrætis 105 og Urðargötu 23 á Patreksfirði á árinu 2020.

33 Þjónustumiðstöð

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir jákvæðri afkomu þjónustumiðstöðva, þ.e. áhaldahússins á Patreksfirði og Bíldudal. Auglýst hefur verið 100% starf verkstjóra Áhaldahússins á Bíldudal en með því verður verulega augin þjónusta áhaldahús á Bíldudal frá því sem verið hefur.

41 Hafnarsjóður

Heildartekjur hafnarsjóðs hækka umtalsvert á milli ára og eru áætlaðar 199 milljón króna en gjöld eru áætluð 150 milljón króna. Rekstur hafnarsjóðs er því áætlaður jákvæður upp á 48 milljónir króna á árinu 2020. Betri afkomu hafnarsjóðs má rekja til aukinna umsvifa í fiskeldi, aukningu á komu skemmtiferðaskipa til Patreksfjarðar og strandsiglinga Samskipa til Bíldudalshafnar og þá hefur fjölgað nokkuð þeim sem stunda strandveiðar á sumrin og landa í Patekshöfn.

Stórframkvæmdir eru framundan við Bíldudalshöfn en framkvæmd við tengingu stórskipakants og hafskipakants og endurbygging hafskipabryggju munu fara fram á árinu 2020. Hafnarbótasjóður veitir 101.550 milljónir króna fjárveitingu til verksins en heildarkostnaður við framkvæmdina á árinu 2020 nemur 169.333 milljónum króna. Fjárhagsáætlun gerir því ráð fyrir 67,8 milljónum króna til framkvæmdarinnar. Hluti framlagsins í fjárhagsáætlun 2020 er vegna tilfærslu frá árinu 2019, þar sem nokkrar tafir urðu á að framkvæmdir hæfust á árinu 2019

Þá hefur Vesturbyggð óskað eftir sérstakri fjárveitingu til frekari uppbyggingu hafnarmannvirkja á Bíldudal til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, þar sem sú einstaka framkvæmd sem fer fram á árinu 2020 mun ekki duga til að tryggja fyrirtækjum á Bíldudal nægjanlegt athafnarsvæði fyrir þá

auknu framleiðslu sem fyrirhuguð er á næstu árum, hvort sem er vegna vinnslu kalkþörunga eða aukins fiskeldis.

Eins og áður hefur verið rakið gerir frumvarpið ráð fyrir að almenn verðlagshækkun á gjaldskrá hafnarsjóðs verði 2,5%. Frumvarpið gerir þó ráð fyrir því að einstakir liðir gjaldskrárinnar hækki umfram almenna verðlagshækkun. Þá eru gerðar tilteknar breytingar á vegna aflagjalda enaflagjald af eldisfisk hækkar milli ára úr 0,6% í 0,7% af heildarverðmæti aflans.

Um mitt ár 2019 tók nýr hafnarstjóri til starfa í 50% starfi vegna aukinna umsvifa á höfnum í Vesturbyggð. Seinni parts ársins 2019 hefur verið unnið að því að bæta umhverfi og umgengi á hafnarsvæðum. Bíldudalshöfn og Patrekshöfn eru handhafar Bláfánans og voru á árinu 2019 einu smábátahafnir landsins sem höfðu þá vottun. Unnið hefur verið að því að skipuleggja og skilgreina gámasvæði við Patrekshöfn og einnig hafa notendur hafnanna verið kvattir til að huga betur að umhverfi sínu. Verður því verkefnið haldið áfram á árinu 2020.

Á árinu 2020 er gert ráð fyrir 2 milljón króna framlagi við undirbúning framkvæmda við niðurrif Kaldbakshúss (Straumnes). Margir hlutar hússins halda hvorki vatni né vindi og því verður á árinu unnið að undirbúningi þess að rífa húsið, sem því miður er ekki lengur það bæjarprýði sem það var í upphafi og verður í kjölfarið lóð þess fundið nýtt hlutverk tengt hafsækinni atvinnustarfsemi á Patreksfirði.

43 Vatnsveita

Gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun að tekjur vatnsveitna verði 44,7 milljónir króna og útgjöld 43,2 milljónir króna. Á árinu 2019 var gengið frá samningi um byggingu nýs lokahúss við Bíldudalsveitu en framkvæmdir við byggingu hússins hefjast á nýju ári. Á árinu 2020 er ekki gert ráð fyrir stöðugildi við vatnsveitu og fráveitu og hyggst Vesturbyggð því í auknara mæli nýta þjónustu verkataka á svæðinu við framkvæmdir og viðhald.

49 Fráveita

Fjárhagsáætlun 2020 gerir ráð fyrir að tekjur frá fráveitu verði 29,5 milljónir króna en heildargjöld vegna fráveitu eru áætluð 28,9 milljónir króna.

Fjárfestingar ársins.

Hér að framan hafa verið raktar nokkrar þær fjárfestingar sem áætlað er að ráðist verði í á árinu 2020 og er þar einna stærst framkvæmd við Bíldudalshöfn og framkvæmdir við ofanflóðavarnir á Patreksfirði, Urðir, Mýrar og Hóla. Aðrar fjárfestingar skv. fjárhagsáætlun 2020 taka mið af því að vel takist til við sölu eigna sem eru í eigu sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir að fjárfest verði fyrir 211 milljónir króna á árinu 2020. Afborganir langtímalána eru áætlaðar 213 milljónir króna og nýjar lántökur 143 milljónir króna.

Skuldahlutfall

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að skuldaviðmið sveitarfélagsins verði 94,3% og skuldahlutfall verði 120,2 % í árslok 2020, miðað við 195,5 milljón króna til fjárfestinga á árinu 2020.